

19 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 16. desember 1943, um breyting  
25. febr. á lögum nr. 78 23. júní 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, til að  
öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. febrúar 1944.*

**Björn Þórðarson.**

*Gunnl. E. Briem.*

## AUGLÝSING

20  
29. febr.

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Ísafjarðarkaupstaðar, nr. 15  
13. janúar 1941.

Í 6. gr. reglugerðarinnar í stað orðanna „1. júlí“ komi: 1. apríl.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið  
og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að  
öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. febrúar 1944.*

**Björn Þórðarson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

21  
3. marz

um skipun slökkviliðs og brunamála í Bolungavík.

### I. KAFLI

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

#### 1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kaптúninu skal falin þriggja manna nefnd og eiga sæti í  
henni oddviti hreppsnefndar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og  
einn maður sem hreppsnefndin kys til fjögurra ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar, eftirlit með,  
að fyrrmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu fram-  
fylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppstjóra eða slökkviliðs-  
stjóra.

### II. KAFLI

Hver slökkvitæki kaптúnið skuli eiga og viðhald þeirra.

#### 2. gr.

Bolungavíkurkaптúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi  
slökkvitæki og áhöld: 10 brunahana á vatnsleiðslum kaптúnsins, 200 metra slöngur  
með tengslum, 2 brunalúðra, áhaldakerru og áhaldasleða, brunasegl og björgunar-  
segl, auk annarra minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Ef brunamála-  
nefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða endurnýja þau, skal hún senda